



Ávarp forseta Íslands  
við útskrift Listaháskóla Íslands  
í Hörpu  
19. júní, 2026

Kæru útskriftarnemar, kennarar, aðstandendur og vinir.

Hjartanlega til hamingju með daginn!

Í dag fagnið þið áfanga sem hefur krafist mikillar vinnu, aga, þrautseigju og ekki síst hugrekkis af ykkar hálfu. Þið hafið valið ykkur leið í lífinu sem krefst þess að þið deilið hugmyndum ykkar og sköpunverkum með öðrum.

Vettvangur þar sem þið standið oftast en ekki berskjölduð.

Það er ekki á allra færi.

2

Þið hafið valið að helga líf ykkar skapandi greinum, sinna störfum sem sumir hafa efast um að séu yfirleitt nytsamleg.

Slík viðhorf eru sem betur fer á undanhaldi en það er þó enn ástæða til að minna á að þegar birtar eru tölur um verga landsframleiðslu eða hagvöxt er ekki verið að reikna út hve blómlegt og auðugt mannlífið er.

Sannleikurinn er sá að án lista og skapandi starfs væri samfélag okkar fátækara á svo margan máta.

Það væri sannarlega fátækara í efnahagslegum skilningi en ekki síður fátækara af sögum, merkingu og fegurð. Og það væri líka fátækara af hugmyndum, þar á meðal hugmyndum um hver við erum og hvert við viljum stefna.

Við Íslendingar höfum stundum lýst heimkynnum okkar sem landi elds og ísa. Þegar ég hugsa um Ísland sé ég hins vegar fyrst og fremst fyrir mér land lista og lausna.

Í gegnum tíðina hafa landsmenn þurft að bregðast með margvíslegum hætti við erfiðum aðstæðum. Hér hafa hugkvæmni, seigla og sköpunarkraftur verið jafn mikilvægar auðlindir og fiskurinn í sjónum, orkan í fallvötnunum og hitinn undir fótum okkar.

Við lifum á umbrotatímum. Tæknin er að breyta samfélögum heims hraðar en nokkru sinni fyrr og víða sjáum við merki um að traustið sem farsæl sambúð manna byggir á er að veikjast. Á slíkum tímum er hætta á að fólk leiti að einföldum lausnum á flóknum viðfangsefnum.

Frjó hugsun er enn sem fyrr lykillinn að farsælli framtíð. Á bak við allar stórar samfélagsbreytingar búa áhrifaríkar hugmyndir, hugmyndir um það hver við erum, hvað við getum og hvert við ætlum.

Það eru oftast ekki myndlistamenn, hönnuðir, rithöfundar, tónlistarfólk, kvikmyndagerðarfólk, arkitektar og aðrir skapandi einstaklingar sem gera okkur kleift að sjá

4

heiminn og tækifærin með nýjum hætti. Þið gerið okkur kleift að ímynda okkur það sem enn er ekki orðið.

Sköpun er ekki munaður. Sköpun er og verður forsenda framfara.

Að mínu mati er mikilvægasta spurning framtíðarinnar ekki hvað tæknin geti gert heldur hvers konar samfélag við viljum byggja með henni.

Þar hafið þið mikilvægu hlutverki að gegna.

Þið hafið verið þjálfuð í því að spyrja erfiðra spurninga, leysa flókin viðfangsefni og sjá tengingar og lausnir sem ekki liggja í augum uppi. Þið hafið þor til að efast um hið sjálfgefna og kjark til að skapa eitthvað úr engu.

Þetta eru hæfileikar sem samfélagið þarf á að halda, nú meira en nokkru sinni fyrr.

Við þurfum fólk sem getur hannað nýja hluti - þar með talið myndlist, bækur, klæðnað og

byggingar. En við þurfum ekki síður fólk sem getur hannað betri samtöl, sterkari samfélög og nýjar leiðir til að lifa saman á þessari jörð.

Mig langar að gefa ykkur þrjú ráð á þessum tímamótum.

Í fyrsta lagi: **Veljið forvitnina.** Heimurinn er fullur af fólki sem telur sig vita svörin.

Verið í hópi þeirra sem halda áfram að spyrja spurninga.

Í öðru lagi: **Standið vörð um hugrekkið.** Ekki láta óttann við að mistakast verða sterkari en löngunina til að skapa. Nánast allt sem skiptir sköpum og breytir veröldinni fæðist sem hugmynd sem einhverjum fannst algjörlega óraunhæf, jafnvel fáránleg.

Og í þriðja lagi: **Minnið ykkur – og okkur öll – á mennskuna.**

Á tímum gervigreindar og hraðra tæknibreytinga munu samkennd, ímyndunarafl og hæfileikinn til að tengjast öðrum verða verðmætari en nokkru sinni fyrr. Það er á þessum sviðum sem ykkar styrkur liggur.

Samfélagið sem við búum í er ekki afrakstur náttúrulögmála.

Það er afsprengi

mannlegra ákvarðana.

Það er ávöxtur hönnunar.

Og þess vegna er hægt að endurhanna það.

Veruleiki okkar er að verulegu leyti afrakstur hugmynda, ákvarðana og gilda þeirra sem komu á undan okkur.

Með sama hætti er framtíðin ekki eitthvað sem við fáum í fangið. Framtíðin er eitthvað sem við sköpum saman.

Fyrir tveimur dögum fögnuðum við Íslendingar sjálfstæðinu sem fyrri kynslóðir höfðu hugrekki til að sækjast eftir. Á þeim tímamótum lagði ég í árlegu ávarpi áherslu á að 17. júní væri í senn dagur til að horfa um öxl OG fram á veginn. Staðreyndin er sú að hver kynslóð þarf að svara með sínum hætti sígildum spurningum:

Hvernig samfélag viljum við byggja upp?

Hvernig viljum við tala saman og vinna saman?

Og hvernig viljum við mæta þeim breytingum sem framtíðin ber í skauti sér?

Í leit okkar að svörum gegna listir og skapandi greinar stóru hlutverki. Þær fá okkur oftár en ekki til að sjá veruleikann í nýju ljósi og ímynda okkur það ókomna.

Þær minna okkur einnig á að jafnvel þótt við séum ósammála í einstökum eignum þá eigum við ótalmargt annað sameiginlegt, þar með talið óskina um bjartari framtíð. Þær geta varðað leiðina í átt að heilbrigðu og frjóu samfélagi þar sem fólk finnur að það tilheyrir og býr við traust og tilgang; samfélagi sem er okkur öllum örugg heimahöfn.

Kæru útskriftarnemar.

8

Við þurfum á hæfileikum ykkar að halda.

Við þurfum á hugmyndum ykkar að halda.

En umfram allt þurfum við á ímyndunarafli ykkar og draumum að halda.

Til hamingju með daginn. Gangi ykkur vel að skapa samfélag þar sem fleiri finna að þeir tilheyrja, fleiri finna tilgang og fleiri finna von. Samfélag sem verður okkur öllum sannkölluð heimahöfn.